

ÓÐINN OG BRÆÐUR HANS

Auðhumla naut lífsins. Hrímpursarnir höfðu að sjálfsögðu ekki rænu á að hugsa um að fódra hana enda var ekkert gras eða hey þarna á ísnum. En henni var sama. Hana langaði ekki í gras. Hins vegar var hún vitlaus í salt og hrímgáðir steinarnir í kringum hana voru allir brimsaltir. Henni leist sérstaklega vel á einn sem skagaði upp í loftið og var óvenju hrímugur. Hún stóð heilan dag og sleikti hann, gat bara ekki hætt, saltið var svo gott. En um kvöldið spratt mannshár upp úr steininum. Næsta dag hélt hún áfram að sleikja og þá birtist höfuð. Hún vaknaði snemma morguninn eftir og þegar hún hafði sleikt og kjamsað á saltinu allan heila daginn steig maður út úr steininum.

Þetta var hávaxinn maður, ákaflega fallegur. Auðhumla horfði hissa á hann og baulaði hástöfum.

– Hvað ætli hún sé að segja? hugsaði maðurinn.

– Bu, bu, bu! baulaði Auðhumla.

– Kannski er hún að segja mér hvað ég heiti. En ég vil ekki heita Bu, það er best að ég kalli mig Búra. Búra fannst leiðinlegt að vera einn og hann langaði ekki að kynna hrímpursunum. Þeir voru svo stórir og frekir og hrintu honum alltaf frá þegar hann ætlaði að fá sér mjólk. Hann litaðist um, fór í göngutúra og könnunarleiðangra og á endanum hitti hann fleira fólk og líka jötna. Bráðlega náði hann sér í konu og eignaðist son sem þau kölluðu Bor.

Eftirfarandi spurningum er hægt að svara munnlega, skriflega, einn síns liðs eða í samvinnu með öðrum.

Af hverju fékk Auðhumla ekki gras? _____

Hvað fannst henni best að borða? _____

Hvað spratt upp úr stóra steininum?

a) fyrsta kvöldið b) daginn eftir c) þriðja daginn. _____

Hvað hélt Búri að Auðhumla væri að segja við sig? _____

Hvað gerðu hrímpursarnir þegar Búri ætlaði að fá sér mjólk? _____

Hvernig fór hann að því að kynna fólki og jötnum sem honum líkaði við?
